



## **115. fundur Stúdentaráðs**

Fimmtudagur 10. október 2024 kl. 17:00

**Fundarritari: Ragnheiður Rós Kristjánsdóttir**

**Mættir á stað:** Silja Rún (forseti), Ragnheiður Rós (fjármálastjóri), Lilja Margrét og Brynjar

**Mættir á Teams:** Hanna Karin (varaforseti), Páll Andrés, Rakel Rún, Kristbjörg, Margrét Lilly, Jón Grétar, Una, Katrín Agnes (frh. Kumpána)

**Silja setti fundinn 17:02**

### **1. Vinnufundur SHA – undirbúningur**

Silja fór stuttlega yfir vinnufund SHA og þær vinnustofur sem verða haldnar. Silja ætlar að heyra í þeim sem eiga að stjórna vinnustofum og fara yfir það sem er ætlast af þeim.

## 2. Canvas námskeiðs uppsetning

Ragnheiður bar upp tillögu um Canvas, en hún átti samtál við starfsmann skólans þar sem rætt var uppsetningu á Canvas. Hún getur verið mjög mismunandi eftir kennurum og efnið því mis aðgeginglegt. Allir í stúdentaráði voru sammála um að það væri nauðsynlegt að það yrði gert eitthvað format fyrir kennara sem þeir þyrftu að fylgja til að tryggja jafnt aðgengi stúdenta að námi sínu.

- Rakel Rún nefndi að Gæðaráð væri að ræða stafræna hæfni og Canvas uppsetning gæti átt við þar.
- Una nefndi einnig að það hafi verið rætt á deildarfundum að það þyrfti að búa til betra skipulag á Canvas, að það ætti að vera eins hjá öllum kennurum.
- Rakel Rún, fulltrúar í Gæðaráði og Lilja Margrét voru beðnar um að taka umræðu um Canvas á Gæðaráðsfundi og Háskólaráðsfundi.

## 3. Stúdentapúlsinn

- Það vantar að manna stúdentapúlsinn sem á að vera í fyrra málið hjá fyrsta árs hjúkrunarnemum, Lilja Margrét var til í að taka hann að sér.
- Silja nefndi að fulltrúar sem sitja stúdentapúlsinn og hafa ekki tekið þátt áður væri boðið að fara á undirbúningsfund til að vera öruggari.
- Silja tók fram að þetta væri greidd vinna, ekki sjálfboðavinna.
- Athugasemd kom vegna greiðslu á síðasta tímabili, hún er á leiðinni.

## 4. Önnur mál

**Borgir - Leiga:** Nýjar reglur um leigu á Borgir í samráði við Sigga borgarstjóra

- Ef aðildarfélag vilja leigja Borgir þarf að senda á Silju til að bóka. Formenn myndu þá sækja kort til Sigga borgarstjóra og skila kortinu svo aftur til hans.
- Passa þarf umgengni, ekki sjálfsagt að fá Borgir leigðar. Passa að ganga frá rusli og ef það sullast, að þrifa það upp.
- Viðburðir geta einungis verið til kl. 23:00 þar sem allir þurfa að vera farnir út kl. 00:00.

**Aðkoma að sameiningu HA og Bifröst:** Lilja Margrét, fulltrúi í Háskólaráði nefndi að það væri búið að tala mikið um sameiningu HA og Bifröst inn á Háskólaráðsfundi. Hún fór aðeins yfir söguna fyrir þá sem voru ekki í stúdentaráði í fyrra. Snýst aðallega um það að háskólaráðherra sagði að það væru of margir háskólar á Íslandi. Í Haust hófst samræða um möguleika á sameiningu, sem leiddi að fýsileikaskýrslu. SHA var strax fljótt að tjá sig og vildi gæta þess að stúdentar myndu fá að taka þátt í umræðunni. Háskólaráð hefur tekið umræðunni aftur upp þar sem rætt var um viðræðuhóp þar sem fýsileikastefnan yrði greind, þar sem stúdentar og starfsfólk ættu ekki aðkomu að. Lilja lagði þá til að stúdentar ættu að fá að taka þátt í þeim hóp, en því var hafnað. Lilja leggur því til að SHA leggi inn bókun til Háskólaráðs til þess að hafa eitthvað í höndunum, að það séu fleiri sammála henni. Ákveðið var því að búa til lifandi skjal á Teams og búa til bókun fyrir næsta háskólaráðsfund í lok október.

- Rakel var sammála, það kemur ekkert fram í fýsileikaskýrslunni, hún er eina sem við höfum í höndum til að mynda okkur skoðun.
- Spurt hvort að einhver yrði mótfallinn því að bókun myndi koma frá Stúdentaráði og tekið fram að hún yrði alltaf borin upp til samþykktar áður en hún færi inn á Háskólaráðsfund. Tillaga samþykkt einróma.

**Fagråd:** Rætt var um fagråd og hvað ferlið tæki langann tíma. Framkvæmdastjórn ætlar að ræða ferla fagráðs á næsta samráðsfundi með Rektor. Einnig rætt samþykktir SHA og hvort það þyrfti ekki að vera skýrari reglum, t.d. þegar mál er hjá fagráði sem höfðar á einstakling sem er í stjórn eða einstaklingar í nefndum og ráðum SHA.

**Vala, nýji starfsmaðurinn:** Rætt var aðkomu Völu og hvað ætlast sé að henni. Hún ætti að vera aðili sem fulltrúar aðildarfélag og einstaklingar í nefndum og ráðum geti leitað til. Hún ætti að vera óháður aðili og það ætti að vera hægt að bóka hana til að sitja fundi ef t.d. formaður aðildarfélags vantar stuðning á fundi.

**Fundi slitið 18:20**